

Tillaga til þingsályktunar

um vernd votlendis.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Svanfríður Jónasdóttir, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera vistfræðilega úttekt og skráningu votlendis á Íslandi í þeim tilgangi meðal annars að meta verndargildi og verndarþörf einstakra svæða og votlendisgerða. Í framhaldi af því skal ráðherra leggja fyrir Alþingi ítarlega áætlun sem miði að vernd þess votlendis sem er í hættu.

Greinargerð.

Mikilvægi votlendis.

Mikill fjöldi lífvera, sérstaklega plantna, skordýra og fugla, á heimkynni sín í votlendi. Til marks um mikilvægi þess fyrir íslenskt fuglalíf má nefna að nær 80% íslenskra varpfuglastegunda nýtir votlendi af einhverju tagi yfir varptímann, ýmist til varps eða fæðuöflunar. Búsvæði í votlendi býður í senn upp á fjölbreytt umhverfi, fæðuauðgi og skjól fyrir afræningjum. Tegundaauðgi jarðarinnar stafar því ekki síst af því margbrotna lífríki sem þrífst í votlendi. Verndun þess miðar beinlínis að því að viðhalda sem mestum líffræðilegum fjölbreytileika á jarðarkringlunni. Votlendi hefur ákaflega margháttuð hlutverki að gegna í náttúrunni. Það býr alla jafna yfir mjög mikilli framleiðni, og raunar eru gróskumestu votlendissvæðin með hærri framleiðni en þekkist í nokkru öðru vistkerfi. Oft eru votlendissvæði stakar gróðurvinjar í eyðimörkum eða á gróðursnauðum hálendissvæðum eins og finna má á Íslandi og gegna þau þar mikilvægu hlutverki fræbanka. Þegar aðstæður verða hagstæðari og umhverfið breytist á gróðurvana landi í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofhita eða minnkandi beitarálags, eru fræbankar votlendisvinja ómetanlegir við uppgræðslu þess.

Við strendur er votlendi oft klaksvæði fyrir ungviði fisks og skeldýra og vinnur auk þess beinlínis gegn landrofni við sjálfa strandlengjuna. Það dregur einnig úr flóðum og þurrkum, og mýrar, sem eru útbreidd votlendisgerð, gegna viða mikilvægu hlutverki við að hreinsa mengað vatn. Bæði sest set til í mýrunum, þær draga úr mengun af völdum áburðar (köfnunarefni og fosför) og loks binda mýrar eiturefni og hættulega þungmálma. Í hægrotnandi plöntuleifum, sem eru í gríðarlegu magni í votlendi, binst einnig mikið af kolefni. Slík votlendissvæði, þar sem mór myndast, gegna því líklega meginhlutverki í kolefnisbúskap jarðarinnar

Prentað upp.

og hljóta að geta átt verulegan þátt í að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Vernd votlendis, og sér í lagi endurheimt slíkra landgæða, gæti því í framtíðinni auðveldað Íslendingum að standast skilyrði Kyoto-bókunarinnar um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Þetta mikilvæga hlutverk votlendis hefur ekki farið hátt í umræðunni en er nauðsynlegt að draga fram sem þunga röksemð fyrir aukinni vernd þess hér á landi.

Votlendi og eyðing þess.

Votlendi, ekki síst mýrar, eru áberandi þáttur í landslagi Íslands. Mýrar myndast aðallega þar sem saman fer mikil úrkoma, tiltölulega rakt loft og lágor lofthiti. Ísland er því kjörlendi mýra enda er íslenska votlendið hluti af víðáttumiklu mýrlendisbelti sem umlykur norðurskaut jarðarinnar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nýlega lokið gerð stafræns gróðurkorts af Íslandi í hlutföllunum 1:500.000 sem í reynd hefur að geyma einu heildstæðu úttektina á votlendi hér á landi. Það var ekki fyrr en með því korti að unnt var að áætla í fyrsta skipti heildarflatarmál votlendis á Íslandi með viðunandi nákvæmni. Ætla má að það hafi numið 8–10.000 ferkilómetrum. Það jafngildir 10% af flatarmáli landsins eða 30–40% af flatarmáli gróins lands. Enn skortir þó nákvæma vitneskju um hversu háu hlutfalli votlendis hefur verið raskað með framræslu í einstökum landshlutum og á landinu öllu. Það er meðal þess sem kanna verður til hlítar verði tillaga þessi samþykkt.

Frá ómunatíð hefur votlendi víðast hvar verið nýtt til beitar og sláttar, mór verið skorinn og hrís rifið. Í fornum lögum og sögum er skurðagerð nefnd þótt hvergi sé beinlinis getið landþurrkunar. Fyrstu tilraunir til að ræsa fram mýrlendi voru að líkindum þær sem Stefán Þórarinsson amtmaður gerði árin 1780 og 1781 með fjárstyrk frá dönsku stjórninni. Stefán gaf í kjölfarið út eins konar leiðbeiningar um framræslu mýra, „Um vatsveitingar af mýrum“ sem birtist í 2. árgangi Rits Lárdómslistafélagsins 1781. Á fyrrgreindri nýtingu votlendis varð þó líklega ekki teljandi breyting fyrr en á seinni hluta 19. aldar. Þá hófst skeið engaræktar og áveitna sem stóð allt fram undir 1940. Ekki skorti bændur hvatningu hinna bestu manna. Jón Sigurðsson forseti hafði þannig eftirfarandi að segja árið 1874 um framræslu íslensku mýranna: „Mér þykir vænt um það, ef þið getið drifið upp gufuskip, eða samskot til þess, en vænna hefði mér þótt um, ef þið *hefðið strengt þess heit að skera fram og rækta allar mýrar á landinu* og drífa upp nóg ket, smjer og osta, etc. — Þá kæmu gufuskipin sjálfkrafa á eftir að sækja vörurnar til ykkar.“ (Sjá Árna G. Eylands 1967.)

Tilkoma stórvirkra vinnuvéla og sívaxandi framlög hins opinbera til skurðgraftar leiddi til stórfelldrar framræslu upp úr 1940 sem gjöreyddi mýrum og votlendi í heilum fjórðungum. Dapurlegt dæmi um það er af Suðurlandi þar sem voru áður stærstu votlendi landsins. Víðlendir flóar og mýrar einkenndu syðri part landshlutans en í uppsveitum var votlendi einnig útbreitt. Rannsóknir dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, hafa leitt í ljós að nú er búið að raska hvorki meira né minna en 97,5% af votlendi Suðurlands, þar með töldum fjölda vatna og tjarna. Af hinu víðáttumikla sunnlenska votlendi eru því aðeins eftir litlar og dreifðar leifar. Til marks um fyrirhyggjuleysið má nefna að merkilegri gerð votlendis, hallamýrum, hefur nánast verið gereytt í fjórðungnum. Líklega er aðeins ein óröskuð sunnlensk hallamýri eftir á Höfðaflötum vestan undir Vörðufelli. Það er því í síðustu lög að grípa til verndaraðgerða til að koma í veg fyrir óbætanleg spjöll á sunnlensku votlendi. Enn er þó verið að ræsa fram mýrar á Suðurlandi.

Eyðing votlendis af völdum framræslu var gríðarleg. Velsældarárið 1968 þegar mestu síldveiðar Íslandssögunnar færðu gnótt fjár inn í samfélagið náði skurðgröfturinn hámarki þegar 1.633 kílómetrar voru grafnir á einu ári. Upphaflega var land einkum ræst fram til tún-

gerðar. Miklir og vaxandi styrkir hins opinbera ýttu þó undir áframhaldandi framræslu þegar nóg lands til túnræktar var aflað og mýrar þá ræstar fram til að nota sem beitiland fyrir búsmala. Ekki dró úr framræslunni fyrr en á níunda áratugnum. Mestu skipti þegar hið opinbera hætti að styrkja eyðingu myra. Offors Íslendinga við framræslu leiddi til þess að hvergi er hægt að finna herra hlutfall lands sem ræst var fram án þess að það væri í kjölfarið nýtt til túnræktar.

Votlendi í hættu.

Í ritinu „Votlendi“ sem Landvernd gaf út árið 1975 birtist skrá eftir Arnþór Garðarson prófessor yfir votlendi á Íslandi sem höfundurinn taldi brýnt að vernda sérstaklega, ekki síst sem búsvæði fyrir fugla. Verkið markaði kaflaskil. Á þeim tíma náði skilningur á gildi votlendis sem búsvæðis fyrir fugla, plöntur og smádýr ekki langt út fyrir raðir náttúrufræðinga. Votlendisskráin opnaði hins vegar augu margra leikmanna fyrir því hversu hér var illa komið fyrir mikilvægum votlendissvæðum og skelfilegum afleiðingum þess fyrir dýralíf, fyrst og fremst fyrir útbreiðslu sjaldgæfра og viðkvæmra fuglategunda. Skránni var einnig ætlað að vera stjórnvöldum eins konar leiðarvísir um votlendisvernd og opna augu þeirra fyrir nauðsyn þess að vernda votlendi almennt fyrir frekari árásum mannsins og friðlýsa mikilvæg votlendissvæði. Það hefur þó reynst torsótt þó nú sé farið að miða í rétta átt.

Arnþór skipti votlendissvæðum í þrjá flokki á grundvelli verndargildis. Af 127 svæðum sem talin voru upp í hinum þremur verndarflokkum er nú aðeins búið að friðlýsa 16, eða rétt um 13%. Af þeim voru 9 af 28 svæðum í fyrsta flokki (forgangsfríðun), 3 af 28 í öðrum flokki (svæði þar sem ber að stefna að friðun) og 4 svæði af 71 í þriðja flokki, sem hafði lægst verndargildi. Að sönnu eru flest hinna 111 svæða sem tilgreind voru í votlendisskránni frá 1975 og ekki hafa verið friðlýst komin á náttúruminjaskrá. Hún hefur hins vegar til skamms tíma haft óvissa stöðu í stjórnsýslunni og ekki falið í sér haldbæra vernd fyrir minjar sem þar eru skráðar. Voríð 1999 var það nýmæli þó bundið í lög að ekki má raska landslagi eða minjum sem eru á náttúruminjaskrá nema áður sé leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins. Nú er talið að aðeins 4% af votlendi Íslands sé friðað eða einungis 6% af flatarmáli allra friðlýstra svæða. Eins og áður sagði eru þó ekki til skýlaus gögn um það.

Í reynd er staðan þó verri en framangreindar upplýsingar gefa til kynna. Mörgum svæðanna sem var skipað í fyrstu two verndarflokkana í votlendisskránni frá 1975 hefur verið raskað verulega síðan skráin kom út. Þetta kemur til dæmis fram í ritinu Íslensk votlendi — verndun og nýting sem kom út árið 1999 og hafði að geyma erindi af ráðstefnu um votlendi sem haldin var árið 1994. Í greinum þeirra dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, og dr. Hlynss Óskarssonar eru dapurleg örlog votlendis á Suðurlandi og Vesturlandi rakin ítarlega og þar kemur þessi þróun skýrt fram. Það er því heldur ekki ólíklegt að mörg önnur votlendissvæði sem ekki komust í skrána 1975 séu einnig í bráðri hættu. Þegar horft er til baka er því miður óhætt að fullyrða að árangurinn varðandi vernd og friðlýsingar votlendis hafi verið allt of rýr þann aldarfjórðung sem liðinn er frá því að Landvernd gaf út votlendisskrá Arnþórs Gardarssonar.

Aukinn skilningur.

Vatnaskil urðu efalítið í skilningi almennings á gildi votlendis með frægri grein sem Hall-dór Laxness skrifaði á gamlárdag 1970 í Morgunblaðið. Greinin fjallaði um eyðingu votlendis á Íslandi og bar réttnefnið „Hernaðurinn gegn landinu“. Þar lagði Nóbels höfundurinn fyrstur Íslendinga til að þeir menn yrðu verðlaunaðir sem mokuðu ofan í skurði! Aldarfjórð

ungi síðar var hrundið af stað fyrstu tilraunaverkefnum í anda skáldsins frá Gljúfrasteini. Enn skortir þó framlög til að hægt verði að ráðast af krafti í nauðsynlega endurheimt votlendis.

Tuttugu árum eftir að Halldór Laxness birti grein sína, árið 1990, lagði Náttúruverndarráð til við umhverfisráðuneytið, sem þá var nýstofnað, að öll framræsla myrlendis yrði stöðvuð og ekki heimiluð að nýju fyrr en áætlun um vernd og nýtingu myrlendis lægi fyrir. Þessi róttaeka tillaga hlaut ekki brautargengi. Nú, þegar bjarmar af 21. öldinni, skortir enn útfærða stefnu stjórnvalda um vernd og endurheimt votlendis. Þó ber síður en svo að lasta jákvæð viðhorf til málaflokksins sem birst hafa á síðustu árum. Raunar má segja að á allra síðustu árum hafi skilningur stjórnvalda á verndun votlendis glæðst nokkuð. Gildir þá einu hvort horft er til löggjafar- eða framkvæmdarvaldsins.

Breytt viðhorf löggjafans birtast til dæmis skýrt í þrennum lögum sem Alþingi samþykkti á síðustu árum. Árið 1997 voru þannig samþykkt ný skipulagslög og þó að þar sé ekki fjallað sérstaklega um votlendi voru í lögnum ákvæði sem gátu stuðlað að vernd þess. Í þeim var mælt fyrir um að leita þyrfti framkvæmdaleyfis fyrir öllum framkvæmdum sem hefðu í för með sér umtalsverðar breytingar. Þetta þýddi að ekki var hægt að farga votlendi án þess að fá sérstakt leyfi. Á þessu var þó sá galli að mat á umfangi breytinganna var samkvæmt lögnum lagt í hendur sveitarstjórnar en ekki stjórnvalda á sviði náttúruverndar.

Stærra og miklu mikilvægara skref var þó reyt að stíga þegar Alþingi samþykkti vorið 1999 ný lög um náttúruvernd. Í 37. gr. þeirra er sérstaklega kveðið á um vernd tiltekinna landslagsgerða og sérstaklega tekið fram að ekki megi raska ákveðnum gerðum votlendis nema á undan fari mat á afleiðingum þess. Votlendissvæðin sem tiltekin eru í lagagreininni eru stöðuvötn og tjarnir sem ná hið minnsta yfir 1.000 m², myrar og flóar sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður sem eru 100 m² að stærð eða stærri, og loks sjávarfitjar og leirur. Því miður eru þessi ákvæði um vernd landslagsgerða alls ekki nógu sterk, sbr. orðalagið um að forðast skuli „eins og kostur er“ að raska myrum eða flóum sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri. Afleiðingin er sú að enn er verið að raska myrum, meðal annars á Suðurlandi, eins og áður er lýst. Í upptalningu landslagsgerða sem vernda ber vantar einnig mikilvæga landslagsgerð eins og gróðurvinjar á hálandinu en í mörgum tilvikum teljast þær til votlendis. Á náttúruverndarpingi árið 2000 var einmitt samþykkt einróma áskorun til umhverfisráðherra um að beita sér fyrir að gróðurvinjum á hálandinu væri baett við upptalninguna. Framangreind ákvæði nýju náttúruverndarlaganna fólu eigi að síður í sér framfaraspör og með þeim var Alþingi vonum seinna að standa við skuldbindingar sem Íslendingar öxluðu með aðild sinni að Ramsar-samþykktinni. En þar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum áður en votlendi er breytt eða það eyðilagt.

Ári fyrr, eða vorið 1998, samþykkti Alþingi jafnframt búnaðarlög þar sem merkilegt nýmæli var að finna um jarðabætur. Í lögnum sagði meðal annars að jarðabætur skyldu ekki aðeins stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa heldur einnig „taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparháttu“. Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu var sérstaklega tekið fram að þar væri meðal annars átt við verndun og friðun votlendis.

Hjá framkvæmdarvaldinu hefur einnig ýmislegt áunnist um verndun votlendis, einkum fyrir tilstilli Guðmundar Bjarnasonar, fyrrverandi umhverfis- og landbúnaðarráðherra. Að tillögu Fuglaverndarfélags Íslands skipaði Guðmundur nefnd árið 1996 til að vinna að endurheimt votlendis. Nær engu fé hefur þó verið varið til beinna verkefna á þessu sviði síðustu

árin þó nefndin hafi sjálf unnið þarf ver� og meðal annars nýlega opnað ákaflega góða og fræðandi heimasíðu (www.rala.is/votlendi). Umhverfisráðuneytið sendi árið 1997 frá sér stefnuskrá um sjálfbæra þróun sem lýsti stefnu núverandi ríkisstjórnar. Þar er að finna eftirfarandi yfirlýsing: „Stuðla skal að verndun og endurheimt votlendis og koma í veg fyrir frekari framraeslu lands nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.“ Þessi yfirlýsing var að nokkru leyti staðfest í verki þegar umhverfisráðherra kvað árið 1997 upp þann úrskurð að í stað votlendis sem raskað yrði við sorpurðun í Fíflholtum á Mýrum skyldi endurheimta jafnmikið votlendi annars staðar. Í tilefni vegar um Jökuldalsheiði kvað umhverfisráðherra upp hliðstæðan úrskurð árið 1998. Flutningsmenn telja einkar brýnt að þessari stefnu verði fylgt eftir af krafti gagnvart öllum framkvæmdum í framtíðinni.

Skyldur Íslands.

Förgun votlendis á Vesturlöndum er umhverfisslys sem að vissu marki má jafna við eyðingu regnskógganna í Suður-Ameríku og Asíu. Votlendi gegnir miklu stórbrottnara hlutverki í vistkerfi jarðarinnar en almenningur og jafnvel sérfræðingar hafa til skamms tíma gert sér grein fyrir. Þá gildir einu hvort horft er til fjölbreytileika búsvæðanna sem finnast í votlendi og halda uppi tegundaauðgi jarðarkringlunnar eða mikilvægis þeirra sem kolefnageymslu sem vegur á móti gróðurhúsaáhrifum sem stafa af uppsöfnun kolefnis í andrúmsloftinu.

Af þessum sökum hafa þjóðir heimsins mælt fyrir um vernd votlendis í mörgum alþjóðlegum samningum. Hinn mikilvægasti þeirra er Ramsar-samþykktin, sem Ísland er aðili að. Hún leggur Íslendingum margvíslegar skyldur á herðar sem tengjast vernd votlendis, þar á meðal móton stefnu um varðveislu, meðferð og nýtingu votlendis. Grundvöllur vinnunnar að baki slíkri stefnumótun eru rannsóknir og skráning á votlendi, enda er í samþykktinni sérstakt ákvæði um að aðildarríki skuli skrá votlendissvæði, meta ástand þeirra og gera áætlun um vernd þeirra og skynsamlega nýtingu („wise use“). Hér á landi hefur slík skráning aldrei verið gerð. Samþykkt tillögunnar felur því í sér að loks mundi Ísland uppfylla þetta mikilvæga ákvæði Ramsar-samþykktarinnar.

Fylgiskjal.

Halldór Laxness:

Hernaðurinn gegn landinu.

(Yfirskygðir staðir, Ýmsar athuganir, Helgafell 1971.)

Af öfugmælanáttúru sem íslendíngum er lagin kappkosta sumir okkar nú að boða þá kenningu innan lands og utan, einkum og sérialagi þó í ferðaauglýsingum og öðrum fróðleik handa útlendíngum, að Ísland sé svo landa að þar gefi á að líta óspilta náttúru. Margur reynir að svæfa minnimáttarkend með skrumi og má vera að okkur sé nokkur vorkunn í þessum pósti. Hið sanna í málinu vita þó allir sem vita vilja, að Ísland er eina landið í Evrópu sem er ger-spilt af mannavöldum. Því hefur verið spilt á umliðnum þúsund árum samtímis því að Evrópa hefur verið ræktuð upp. Nokkur svæði í miðjarðarhafslöndum Evrópu, einkum Grikkland,

komast því næst að þola samanburð við Ísland að því er snertir spillíngu lands af mannavöldum.

Menn komu hér upphaflega að ósnortnu heiðalandi sem var þéttvaxið viðkvæmum norðurhjaragróðri, lýngi og kjarri, og sumstaðar hefur nálgast að vera skóglendi; hér var líka gnægð smárra blómjurta; og mýrar vaxnar háu grasi, sefi og stör, morandi af smákvikindum allskonar og dróu að sér fugla svipað og þjórsárver gera enn þann dag í dag.

Mart bendir til þess að fólk er hér settist að hafi litið á náttúru Íslands einsog bráð sem þarna var búið að hremma. Skynbragð á fegurð lands var ekki til í þessu fólki. Slíkt kom ekki til skjalanna fyren þúsund árum eftir að híngað barst fólk. Á 13du öld skrifar Snorri Sturluson bók um eitt fegursta land heimsins, Noreg, rúmt reiknað 1000 blaðsíður, án þess séð verði að höfundi hafi verið kunn, aukin heldur meir, sú hugmynd að fallegt sé í Noregi. Orðið fagur á íslensku þýddi reyndar bjartur áður fyrri. Sú hugmynd að náttúran sé fögur er ekki runnin frá sveitamönnum, heldur fólki úr stórborgum seinni tíma, og náði loks til okkar íslendinga úr Þýskalandi gegnum Danmörku í tið afa okkar. Náttúra verður auðvitað ekki falleg nema í samanburði við eitthvað annað. Ef ekki er til nema sveit er náttúran ekki falleg. „Óspilt náttúra“ er því aðeins falleg nú á dögum að hún sé borin saman við borgir þángað sem menn hafa flúið af því sveitin veitti þeim ónóga lífsafkomu; og búar nú við vaxandi óhægindi, sumstaðar einsog í viti.

Hafi einhverntíma verið hlýrra og lygnara hér en núna, þó ekki hefði verið nema í þúsund ár, til dæmis á þeirri tíð sem tré urðu hér eins stór og viðarbolurinn steingerði af Vestfjörðum, sem ég sá einusinni, og hafði minnr mig á annað hundrað árhrínga, þá er ekkert því til fyrirstöðu að Ísland hafi verið grænt, kaksi skógur á Spreingisandi. Að hinu leytinu hafa menn séð landsvæði sem í æsku þeirra voru grænt og fögur verða að Spreingisandi.

Vindar voru ugglaustr orðnir óvinir gróðurs á hálendinu fyrir landnámstíð. Síðan kom mannfólk með búsmala sinn og gekk í lið með vindinum með því að etja beitarfé á viðkvæmar seinvaxnar jurtir uppsveitanna; menn voru að leita sér að tilveruhorni hver og einn út af fyrir sig. Sumt þessara hálendisbygða hefur að því menn hyggja lagst af aftur vegna örfoks um það landnám var úti. Geitur og sauðfé, sem og smávaxinn miðaldanautpeníngur, einsog hnúta sú bar vott um úr Surtshelli sem árfærð var til A. D. 940, alt gekk úti vetur og sumar. Búsmalinn nagaði ofaní mold þann gróður sem fyrir var; og vindurinn var búinn að feykja moldinni burt áðuren hægfara græðimáttur þessa kalda loftslags feingi ráðrúm til að bæta í skörðin.

Af örnefnum má skilja að þessir menn hafi alið með sér akurvonir í hinu nýa landi; en ef þeir ekki brendu kjörrin í döllum og á nesjum til að fá sér akur, þá gerðu þeir það í fjandskaparskyni hver við annan ef trúa má fornsögum. Þetta var járnaldarfólk án aðgángs að járni; þeir urðu að gera til kola ef þeir áttu að geta járn; og þar hafa einkum kjarrskógar nír mátt gjalda afhroð. Auk þess var skjólgróður landsins höggvinn til eldsneytis alt frammá okkar dag. Með hverri kynslóð sem kemur og fer verður flagsærið æ meira höfuðeinkenni landsins. Enn í dag verður miklu meira land örfoka á ári hverju en nemur árlegrí viðbót í ræktun.

Á síðustu áratugum hafa menn verið verðlaunaðir af hinu opinbera fyrir að ræsa fram mýrar, lifseigustu gróðursvæði landsins, undir yfirskini túnræktar. Seigar rætur mýragróðursins halda gljúpum jarðveginum saman og vatnið nær fjölda lífrænna efna í þessum jarðvegi og elur smádýralif sem að sínu leyti dregur til sín fugla. Mýrarnar eru stundum kallaðar öndunarfaræri landsins. Þúsundir hektara af mýrum standa nú með opnum skurðum sem ristir hafa verið í þeim tilgángi að draga úr landinu alt vatn; síðan ekki söguna meir: eftilvill var aldrei

meiníngin í alvöru að gera úr þessu tún. Fer ekki að verða mál til að verðlauna menn fyrir að moka ofaní þetta aftur? Þegar mýrar eru ræstar fram til að gera úr þeim vallendi er verið að herja á hið viðkvæma jurta- og dýraríki landsins. Skilja menn ekki að holt og melar og aðrar eyðimerkur á Íslandi urðu til við það að vallendið blés upp? Það hefði verið nær, að minstakosti á síðustu áratugum að hvetja bændur til að gera tún úr holtum og melum: þar er það vallendi sem rányrkjan hefur snúið í eyðimörk; friða síðan mýrarnar með löggjöf.

Þó það sé einsdæmi í Evrópu að löndum hafi verið spilt af mannavöldum einsog á Íslandi, þá mætti það vera okkur nokkur huggun að vera ekki einsdæmi í heiminum samanlögðum. Norðurafríkuströndin var til forna kornhlaða Rómaveldis. Eftir fall Róms tíndust hjarðmenn úr arabalöndum inn í akurlönd þessi yfirgefin og fluttu með sér geitfé og sauðfé einsog okkar fólk. Sauðkindin og geitin eru einlægt fylgifé frumstæðra bænda; auðkenni vesallar þjóðmenníngar; rússar kalla þennan fénað kýr fátæka mannsins. Gróðurlendum fornaldarinnar, þar sem nú er Alsír, var snúið í mela holt og sanda nákvæmlega einsog hér á Íslandi. Enn í dag má sjá í Afríku hjarðmenn standa yfir fé sínu nött sem nýtan dag og halda því á beit í holtum þessum og vera að mutra því til í landinu eftir því hvar falla skúrir og einhverjum holtagróðri kann að skjóta upp. Barna er reyndar hægt að hafa sauðfé úti allan ársins hríng ef maður er nógu fátækur til að liggja úti með fé sínu eða nógu mikill sjeik til að eiga nokkur þúsund rollur í vörlu ekki velframgeinginna smalamanna, en situr sjálfur einhverstaðar þar sem rommið er skeinkt ómælt.

Lönd suðurhjarans ein, svo sem Argentína, hánga enn í því, amk. sumstaðar, að hafa náttúrleg skilyrði til sauðfjárræktar. Í Patagóníu geingur fé sjálfala vetur og sumar í vörlu ríðandi fjárhírða og ekki óttítt að einn sauðamiljóneri eigi þar 100–200 þúsunda hjörð. Í svona löndum er einginn teljandi kostnaður við framleiðslu sauðakjöts nema slátrunarkostnaður. Ætli Ísland sé ekki einna óhentast land og mest öfugmæli til sauðfjárræktar af öllum löndum heims? Það er amk. eitt þeirra fáu sauðfjárlanda þar sem ekki er hægt að vera úti haga og gæta hjarðar sinnar á jólanóttina einsog hirðarnir gerðu í Betlehem, heldur verður hjá okkur að heya þessari skepnu vetrarforða með ærnum tilkostnaði og reisa yfir hana hús þar sem hún er látin dúsa helmíng ársins, stundum meira að segja alin á korni vestan um haf, og samt í meira lagi óbeysin á vorin; amk. svo horuð mestalt árið að hún er ekki sláturhæf nema fáar vikur á haustin. Að sumrinu er þessi blessuð skepna látin darka í landinu eftirlitslaust og naga það í rót ef svo vill verkast þángarð til moldin er laus handa vindinum. Fjárhagslegur grundvöllur sauðakjötsframleiðslu á Íslandi liggur annars utan takmarka þessarar greinar.

Nú, þegar ætla mætti að nóg væri að gert um sinn í náttúruspillíngu og kominn tími til að spyrna við fæti, þá bætist niðurbrotsöflum landsins stórtækari liðstyrkur en áður var tiltækur.

Til „að bæta lífsskilyrði almennings“ hefur nú verið settur upp kontór á vegum Iðnaðarmálaráðuneytisins, nefndur Orkustofnun, og á að undirbúa hér stóriðju sem knúin sé afli úr vötnum landsins.

Mér skilst að stóriðja þýði svipað og lykiliðnaður, og sé hlutverk hennar að breyta í vinsluhæft ásigkomulag þeim efnum sem liggja til grundvallar smáiðju eða neysluvöru-iðnaði; undir stóriðju heyrir námurekstur, málmbraðsla, efnaiðnaður, olíuhreinsun og þess-háttar. Svona iðja heimtar óhemjumikið rafmagn en fáar hendur. Neysluvöru-iðnaður, til að mynda skógerð eða klæðaverksmiðja, eða segjum útvarpstækjasmíði, notar að öðru jöfnu margfalt vinnufl reiknað í mannshöndum á við málmbraðslu eða olíuhreinsun. Ef við hefðum lagvirkni til að útbúa og „flytja út“ einhverja iðnaðarvöru sem aðrir vildu nýta, þá væri íslendíngum lagður atvinnugrundvöllur sem stóriðja getur aldrei lagt.

Draumurinn um verksmiðjurekstur hér á landi og íslendíngar sem verksmiðjufólk er ekki nýlunda; skáld síðustu aldamóta sáu í vondraumum sínum „glaðan og prúðan“ iðnverkalýð á Íslandi. Fyrir skömmu sá ég haft eftir einum forgaungumanni stóriðju á Íslandi, í umræðum á málfundí, að eina vonin til þess að íslendíngar gætu lifað „mannsæmandi lífi í þessu landi“ (orðatiltækið hefur heyrst áður), sé sú að gera þjóðina að verkamönnum erlendra stóriðjufyrirtækja. Hinum stórhuga iðnfræðingi láðist að geta þess sem hann veit miklu betur en ég, að stóriðja með nútímasniði notar mjög sjálfvirka tækni og kemst af með hverfandi lítinn mannafla; ekki síst málmbræðslur einsog hér eru hugsaðar. Ekki er fyrir það að synja að fé sem flytur til ríkissjóðs frá útlendum stóriðjufyrirtækjum starfandi í landinu, einkum af sölu á rafmagni, gæti orðið einhver smávegis búbót hjá því opinbera þó svo hafi enn ekki orðið, því sala rafmagns til Straumsvíkur er, reikningslega, rekin með tapi; þjóðartekjur okkar af álbraeðslunni eru ekki aðrar en daglaun þeirra verkamanna sem þar vinna og ekki eru fleiri en menn sem starfa að landbúnaði í meðalsveit á Íslandi. Erlend stóriðja hér er þannig þyðingarlaus fyrir íslenskan iðnvöxt. Rafmagnssala til útlendra stórfyrirtækja er í raun réttari að eins verslun ríkisins með réttindi; þau kaup snerta aðeins óverulega íslenskan vinnumarkað, framleiðni og utanríkisverslun. Annars eru þau mál ekki til umræðu hér.

Vandræðin byrja þegar stofnun, sem fæst við niðurskipun orkuvera handa einhverri tilvondandi stóriðju, veitir virkjunarþyrtækjum fríbréf til að darka í landinu einsog naut í flagi og jafnvél hyllast til þess að skaðskemma ellegar leggja í eyði þau sérstök pláss sem vegna landkosta, náttúrudýrðar ellegar sagnhelgi eru ekki aðeins íslensku þjóðinni hjartfólin, heldur njóta frægðar um víða veröld sem nokkrir eftirlætisgimsteinar jarðarinnar.

Ég sagði að vandamálið væri ekki stóriðja sem dembt væri yfir okkur með offorsi að nauðsynjalausu. Vandamálið er ofstrú þeirra í Orkustofnum á endalausar málmbræðslur sem eigi að fylla þetta land. Þá fyrst er land og lýður í háska þegar svona kontór ætlað með skírskotun til reikningsstokksins að afmá eins marga helga staði Íslands og hægt er að komast yfir á sem skemstum tíma, drekkja frægum bygðarlögum í vatni (tólf kílómetrum af Laxárdal í Þingeyarsýslu átti að sökkva samkvæmt áætlun þeirra), og helst fara í strið við alt sem lífsanda dregur á Íslandi.

Nokkrir fátækir bændur hafa laungum átt bú sín kríngum fjallavatn á fornu jarðeldasvæði sem er eitt meðal náttúruundra heimsins. Mývatn. Hér hefur orðið til gegnum tíðina eitthvert fegursta jafnvægi sem þekt er á bygðu bóli í sambúð manna við lifandi náttúru. Óteljandi eru þeir náttúruskoðarar og vísindamenn og náttúruverndarmenn, svo og lærðómsmenn allskonar og listamenn hvaðanæva úr heimi, sem talað hafa og skrifað í sömu veru og þýskur fræðimaður og forgángsmaður náttúruverndar í landi sínu, dr. Panzer, gerði í sumar leið: „Laxár- og Mývatnssvæðið er sérstæðasta og dýrmætasta vatnasvæði í heimi frá líffræðilegu og náttúrufræðilegu sjónarmiði séð,“ skrifar hann.

Við Mývatn bjuggu til skams tíma þesskonar menn, og við munum marga þeirra enn, sem á hverjum tíma íslandssögunnar hefðu verið kallaðir mannvæl. Og svo hefði verið hvar sem var í heiminum. Þó þeir ynnu hörðum höndum og gætu aldrei orðið ríkir, þá voru þeir andlegir höfðingismenn. Verðmæti þeirra voru ekta. Þeir orkuðu á mann einsog prófessorar frá einhverjum hinna betri háskóla, en stundum einsog væru þar komnir öldúngar er staðið hefðu upp af bekk sínum hjá Agli og Njáli til að ræða við okkur um sinn. Margir þeirra voru þjóðkunn skáld. Einn þeirra, Sigurður á Arnarvatni, hann orti um mývatnsríkið þessar ljóðlínur:

Hér á andinn óðul sín
öll sem verða á jörðu fundin.

Ég man þá tíð að sumum þótti þetta í meira lagi djúpt tekið í árinni; en núna þegar verið er að basla við að tortíma Mývatni finnum við að hver stafur í þessum vísuorðum er gull. Sannar var ekki hægt að segja það.

Í okkar parti heimsins á öld þegar allir eru orðnir fátækir af því að vaða í einskisnýtum peníngum, þá er þeim mönnum haettast sem hafa ekki áður hnoðað hinn þéttu leir. Að hlunnfara svona menn heyrir undir lögmál viðskiftalífsins. Nema bændur við Mývatn, frægir af sambýlisháttum sínum hver við annan og við náttúruna kríngum sig (og þetta er hið eina gull sem skiftir máli á jarðríki; og flórgoðinn hefur í þúsund sumur og kanskí þúsund sumrum betur verpt í sefinu niðurundan bænum þar sem vatnið skerst inní túnið — þángað til í sumar) — þessir menn vakna nú upp við það einn góðan veðurdag að hinu fagra lífi Mývatns hefur verið snúið í skarkandi stóriðju. Og þjóðin öll, við sem tignuðum þetta norðlæga landspláss þar sem lífgeislar íslenskrar náttúru eru dregnir saman í eina perlu, við uppgötvum — einnig um seinan — að þessi staður, sem hefði átt að standa undir þjóðgarðslögum samfara fullkominni náttúruvernd, hefur verið afhentur erlendu félagi til að klessa niður einhverskonar efna-brensluhelvítí á vatnsbakkanum. Það var þetta sem gerðist þegar Mývatni var fórað fyrir kísilgúrstassjón. Fjalladrottníngin sem elskulegur smillingur Sveitarinnar orti um og alt landið saung um, hún var sold.

Það er huggun harmi gegn að fyrirtækið hefur enn ekki veitt upphafsmönnum sínum annað en skell fyrir skillíngu. Það hefur reynst þeim dýrt spaug að skemma Mývatn. Á fyrsta ári stassjónarinnar urðu eigendur kísilgúrsins fyrir 33gja miljón króna tapi á rekstrinum. Útkomu síðasta árs hafa þeir ekki gert heyrinkunna; borin von að hagurinn fari batnandi.

Af kísilgúr er það að segja að fjarri fer því sem stundum er látið í veðri vaka, að þessi málmleysíngi, einsog jarðfræðingar vorir hafa þýtt ensku glósuna non-metallic metal, sé svo fágætt eða ómissandi efni í heiminum að nám hans réttlæti spillíngu Mývatns. Til að mynda liggja þykk lög af efni þessu í fjöllum í Vesturheimi. Þá er það einnig úr lausu lofti gripið að efnið sé hér á landi einungis til við Mývatn. Ísland er fult af kísilgúr. Jafnvel vötn hér í ná-munda höfuðstaðarins hafa kísilgúrbotn. En helstefnulögmál reikningsstokksins hefur til-hneigíngu til að vísa á þá staði fyrsta sem þjóðin hefur helgi á. Það er lán í óláni að íslenska ríkið skuli hafa trygt sér axíumeirihluta í þessu fyrirtæki; fyrir bragðið ætti það að vera á valdi stjórnarinnar að stöðva svona endurleysu og láta hreinsa óþrifnaðinn burt af strönd vatnsins.

(NB Þessi málmleysíngi hefur frá ómunatíð heitið barnamold eða pétursmold á íslensku. Hvernig stendur á að efnið skuli altíeinu heita kísilgúr, svo óvanir sem við erum því að taka upp hráa þýsku í túngu okkar — voru kanskí þýskir peníngar í þessu upphaflega? Ef nú ráða eingilsaxneskir peníngar barnamold á Íslandi skilst mér að efnið ætti að heita diatomite eða þessháttar.)

Laxárvirkjunarstjórn á Akureyri gerir áætlanir með fulltíngi Orkustofnunar og hefur vald-ið blöskrun landslýðsins á síðustu misserum, og má segja alls heimsins ef miðað er við þá sem láta sig verndun lífs á jörðinni nokkru skifta. Snilli þessa félags er í því fólgin að hafa látið sér detta í hug áætlun um að minstakosti 54ra megavatta orkustöð í Laxá samfara al-gerðri eyðileggíngu Laxár og Mývatns ásamt með bygðum sem við vötn þessi eru kend.

Áætlun þessara manna hefur verið studd siðferðilega með þremur höfuðrökum: 1) virkjun vatnakerfis laxár- og mývatnssvæðisins á að bæta skilyrði almennings, 2) með virkjuninni á að fullnægja orkuþörf héraða er nærrí liggja þessum vatnasvæðum, og 3) það á að koma upp stóriðju á Akureyri.

Hafi höfundur greinar þessarar misskilið málflutníginn er ég reiðubúinn að leiðréttu. Þessir þrír púnktar skýra sig nokkurnveginn sjálfir. Hinn fyrsti, að „bæta skilyrði almennings“, er sú varajátníng sem nú á dögum er höfð uppi í tíma og ótíma í öllum tilfellum þar sem áður fyr var vant að segja „í jesúnafní amen“.

Fyrirætlun um að vinna orku „handa nærliggjandi héruðum“, samfara eyðileggíngu á náttúru laxár- og móvatnssvæðisins, vitnar um hvílíkur gripur reikningsstokkurinn getur orðið í höndum ofsamanna. Það hefur verið bent á óþrjótandi aðrar leiðir til að sinna takmarkaðri orkuþörf þessara fámennu bygðarlagu án þess troðnar séu illssakir við landslýðinn.

Sú viska er býsna hæpin að stóriðja á Akureyri, svo sem málmbræðslur, efnaverksmiðjur, olíuhreinsun og þvíumlíkt, mundi bæta skilyrði akureyrínga svo um munar; hitt líklegra að hún mundi æra þá fyrst og taka síðan frá þeim lífsloftið sem og öðru kviku við Eyafjörð. Væri gaman ef einhver gæti frætt mann um það hvar í heiminum stóriðjuverkalýður búi við betri afkomu en menn gera á Akureyri stóriðjulausir.

Hinsvegar er kunnara en frá þurfi að segja að akureyrarbúar hafa um lángt skeið verið að reyna sig við smáiðnað, þesskonar framleiðslu, bæði æta og óæta, sem miðuð er við þarfir „endanlegs neytanda“ sem svo er kallað. Sumt hjá akureyríngum er með vönduðustu vörum sem unnin er hér innanlands. Samt hafa fyrirtæki þeirra barist í bökkum að ekki sé ofmikið sagt — þó enn hafi ekki heyrst að fyrirtæki á Akureyri hafi farið yfrum af rafmagnsskorti. Er líklegt að fyrirtæki akureyríngum mundu verða betur solvent þó þeim bættust 54 megavött til viðbótar úr Laxá og Móvatni? Þá yrði að minstakosti að koma til skjalanna meiri hlýleiki frá baunkum og stjórnvöldum en stundum hefur verið auðsýndur á Akureyri. Um þau efni samir reyndar betur að akureyríngar hefjist móls sjálfir. Því er þó erfitt að gleyma, einnig fyrir okkur sumnlendinga, að í vissum héruðum norðanlands, ekki síst við Eyafjörð, var einu-sinni unnninn lángtum betri lýsumatur en annarstaðar á landinu, svo vandlátir kaupendur hér syðra höfðu þann sið að biðja ævinlega um akureyrarmerki á mjólkurvöru. Í þann tíma var það talið fjandsamlegt lýðræði í landinu ef einhver framleiddi betri vörum en annar; alt varð að miðast við það versta; þeir sem unnu vel voru fáir og það gerði ekkert til þó þeir sættu straffi, en það má aldrei móðga skussana. Þegar það komst upp að „norðansmjör“ var gott þá ákváðu mjólkuryfirvöldin, sem hafa fyrirkomulag sitt frá Kristjáni fjórða danakonungi, að alt smjör, ilt og gott, hvaðan sem var af landinu, skyldi gert að „gæða-smjöri“ með forordníngu einsog í dentið, til þess að koma í veg fyrir að mjólkurbúin keptu hvert við annað í gæðum. Svona var hugur hins opinbera til iðnreksturs á Akureyri þann daginn.

Annað dæmi um ást hins opinbera á iðnaði akureyríngi: Ein frægust verksmiðja á Akureyri er bjórgerðin, ekki þó vegna þess að hún selji drykkhæfan bjór heldur af því hún er af yfirvöldunum látin hella niður drykkhæfum bjór. Þetta iðnfyrirtæki starfar undir löggjöf sem skyldar það til að framleiða svikna vörum, svokallað „pissuvatn“ í stað öls handa íslendingum. Sem sjá má er nafngiftin frá dönum nokkrum sem urðu fyrir þeirri reynslu að smakka þennan vökva. Á dögunum varð af misgáníngi úr þessu eitthvað sem líktist drykkhæfum bjór. Lögreglan á Akureyri sat fyrir hjá ljósmyndara, einkennisklædd, meðan hún var látin vera að hella niður þessu voðalega eitri í tonnatali; því bjór er sú eina tegund eiturs sem bannað er með lögum að hafa um hönd á Íslandi — að arseniki ekki undanskildu.

Þegar mólsvari úr Orkustofnun var krafinn sagna í opinberum fjölmíðli í summar, kom upp-úr honum að 54ra megavatta orkuverið fyrirhugaða á laxár- og móvatnssvæðinu væri raunar ekki ætlað íslendingum; við værum altof litlir fyrir svona aflstöð: hér var verið að hugsa um ímyndaðar þarfir stórra „orkunotenda“ útlendra á borð við *Aluminium suisse*. Þeir aðiljar voru að vísu enn ekki fæddir, ekki einusinni í kollinum á þessum blessuðum manni sjálfum,

heldur vonaðist hann til að þeir mundu gefa sig í ljós um það er virkjuninni væri lokið. Semsé 54 megavött uppá grín og kanskí. Má vera svisslendíngar komi með heimsfrægar beljur sínar og setji upp á Akureyri smjörbú handa Evrópu, *Vache suisse*; svissar eru líka meistarar í bjórgerð, kanskí hugur hins opinbera yrði hlýrri gagnvart *Bière suisse* en eyfiskum bjórgerðarmönnum.

Annar kontóristi úr Orkustofnun kom í útvarpið og talaði um Gullfoss. Rannsóknir og mælíngar hafa verið gerðar á fossinum, sagði þessi maður, og hægt að leggja til atlögu við vatnsafl þetta með litlum fyrirvara. Eru svona ræður haldnar til að storka landslyðnum, eða hvað? Einginn virtist þó kippa sér upp. Landslyðurinn hlustaði með þolinmæði sem mátti heita kristileg. Manni skildist að Gullfoss ætti að vera hafður í nýar málmbræðslur, meira alúmínium, að sínu leyti einsog vakir fyrir laxárvirkjunarfnd nyrðra: stórir „orkunotendur“ að utan gefa sig vonandi fram!

Það var fróðlegt að heyra að Gullfoss hefði líka verið tekinn í karphúsið af verkfræðingakontór Iðnaðarmálaráðuneytisins. Í æsku minni var til kona skamt frá Gullfossi, Sigríður nokkur í Brattholti, og létt til sín taka í samskonar máli þegar útlendir og innlendir ofurhugar ætluðu að taka höndum saman og gánga í skrokk á Gullfossi. Slíkar konur virðast því miður vera horfnar úr nágrenni þessa vatnssfalls.

Málsvari Orkustofnunar lýsti því að væntanleg virkjun fossins yrði framkvæmd þannig að farvegi Hvítár yrði breytt en fosstæðið þurkað. Þó hafði hann í pokahorninu einkennilega viðbót við hugmynd sína. Hann gerði ráð fyrir að tilfæríngar yrðu settar í ána til að hleypa fossinum á aftur ef túristar kæmu, svo hægt væri að kræla útúr þeim svolítinn aðgángseyri. Spurníng: Hvað eignum við íslendingar að gera við alla þessa penínga þegar búið er að útanskota fyrir okkur fegurstu stöðum landsins? Hugsanlegt svar: Fljúga til Majorku þar sem þeir ku skeinkja rommið ómælt.

Því hefur verið haldið fram að þó íslendingar séu fullir af varaþjónustu við rómantískan skáldskap eigi þeir bágt með að sýna í verki það sem þeir eru með á vörnum. Meðan þeir eru að fara með kvæði Jónasar og Steingríms um krystalstærar ár eru þeir kanskí að keppast við að fylla þessar ár af sorpi. Þeir sem vaða mest uppi á opinberum vettvángi tala oft einsog þeim væri óljóst hvað fólk er heilagt. Þess vegna sagði þýski prófessorinn sem ferðaðist hér um árið: Die Isländer respektieren nichts. (Það var þá sem séra Jóhann Hannesson skaut inn: hvað um dollarann?) Nú vaða þeir menn uppi sem er mest í mun að sökkva vin þeirri sem vindurinn hefur skilið eftir í hálendum. Þjórsárverum, ríki íslensku heiðagæsarinnar; það á að flæma burt fugl þann sem fann Ísland laungu á undan manninum og hefur búið hér í vernum um tugi alda, þúsundum til samans.

Náttúrufræðingar hvaðanæva úr heimi, einstakir og fleiri saman, hafa sárbeðið ríkisstjórn Íslands, alþíngi og loks landslyðinn sjálfan að þyrma Þjórsárverum frá tortímíngu sem þeirra bíður um leið og hafinn er þriðji áfangi þjórsárvirkjunar.

Alþjóðleg samtök gegn náttúruskemendum héldu þíng í London í september síðastliðnum og tjáðu sig reiðubúin að kosta líffræðilegar rannsóknir á þessari paradís Íslands þar sem tíu þúsund heiðagæsahjón eru fulltrúar almættisins í norðlægri túndru umluktri eyðimörk. Þíngheimur létt í ljós þá von sína Íslandi til handa að landið mætti halda þessum gimstein sínum óspiltum um aldir.

Það kemur stundum fyrir að íslendingur í útlöndum hefur ekki hugmynd um hvar hann er staddir og hagar sér þannig á almannafæri að landar hans fyrirverða sig niðrí tær. Ekki alls

fyrir laungu gaf að líta hvar maður nokkur svaf þversum á þröskului í útidýrum verslunarhúss í erlendri borg í miðdegisössinni. Hann barðist um á hæl og hnakka, grenjandi, þegar hann var vakinn. Fólk staðnæmdist á gángstéttinni til að horfa á manninn. Einhver í hópnum heyrðist segja: Svona getur einginn gert nema íslendíngur.

Á ofangreindu alþjóðaþingi náttúruverndara í London kom aðeins einn maður fram sem andstæðingur Íslands. Hann var sendur þángað af Orkustofnun í Reykjavík. Þessi maður lagði í ræðu sinni áherslu á „að íslendíngar væru eingenveginn reiðubúnir að hætta við framkvæmdir í Þjórsárverum“ (orðrétt úr Morgunblaðinu 24. september 1970).

Meiníngin í þessu afundna svari íslendíngsins er glögg: Orkustofnun hefur aungvar skyldur við lífið í landinu. Hestaflíð í almættinu er verðlaust í Orkustofnun. Við erum rökheldir íslendíngar og ef við höfum byrjað að trúa einhverri vitleysu haungum við fastir í henni til eilífðarnóns. Við höfum leyfi til að fara með Ísland einsog við viljum.

Gagnvart almenníngi á Íslandi felur svarið í sér að nú höfum við unnið þau verk fyrir fé ykkar skattþegnanna, að þið tapið því öllu — nema við fáum meira fé til að halda áfram!

Ég man ekki glögt hvað röksemdafærsla af þessu tagi heitir á íslensku, kanskí fjárvíðun eða fépynd; á ensku blackmail.

Hvað skyldu erlendir menn hafa hugsað um fulltrúa Íslands þegar hann stóð upp í London og lýsti yfir því að þó allur heimurinn stæði með landi hans mundi hann sjálfur gánga í gegn þessu landi.

Á jólum 1970.